

SAMÞYKKT

um meðhöndlun úrgangs á Fljótsdalshéraði

I. Almenn ákvæði

1. gr.

Sveitarfélagið, Fljótsdalshérað annast meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu. Undir þetta ákvæði fellur ábyrgð á móttöku spilliefna og meðferð úrgangs til vinnslu t.d. lífræns úrgangs, landbúnaðarplasts, brotamálma og annars flokkaðs úrgangs í samráði við heilbrigðisnefnd Austurlands.

Bæjarstjórn sér til þess í samráði við heilbrigðisnefnd og framkvæmdaraðila, að íbúar fái fræðslu um flokkun og aðra meðferð úrgangs, móttöku hans og förgun, t.d. með útgáfu leiðbeininga

Heilbrigðisnefnd Austurlands hefur eftirlit með framkvæmdum verkefna samkvæmt þessari samþykkt.

2. gr.

Fljótsdalshérað annast sorphreinsun frá öllu íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu. Bæjarstjórn og heilbrigðisnefnd Austurlands hafa eftirlit með starfsemi. Bæjarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd sorphreinsunar og móttöku annars úrgangs, þ.m.t. móttöku spilliefna, brotajárns og landbúnaðarplasts. Þeir aðilar sem þetta annast skulu hafa til þess tilskilin starfsleyfi í samræmi við reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft með sér mengun. Um meðhöndlun úrgangs fer að öðru leyti í samræmi við reglugerð nr. 737/1999 um meðhöndlun úrgang

Sorpförgun skal framkvæmd undir yfirstjórn og á ábyrgð bæjarstjórnar. Bæjarstjórn er heimilt að fela öðrum að sjá um sorpförgun og samskipti við þá aðila sem við á.

3. gr.

Sérhverjum húseiganda og umráðamanni húsnæðis (húsráðanda) er skylt að nota þær aðferðir og þau ílát við geymslu og meðferð úrgangs sem bæjarstjórn ákveður hverju sinni, í samráði við heilbrigðisnefnd og í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphreinsimenn. Þær skulu staðsettar saman ef um fjölbýlishús er að ræða. Í deiliskipulagi nýrra hverfa skal tekið tillit til sorpgeymslna við skipulagningu.

Húsráðendur skulu halda ílátum hreinum og í góðu ástandi. Húsráðendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum og sorpílatum eins og þörf krefur til að halda ávallt greiðfærri leið að þeim.

4. gr.

Fljótsdalshérað leggur íbúðum og fyrirtækjum til sorpílát undir venjulegan heimilisúrgang.

5. gr.

Í sorpílát fyrir heimilisúrgang má aðeins setja þann úrgang sem fellur daglega til við venjulegt heimilishald, í samræmi við nánari fyrirmæli sem kunna að verða sett um flokkun úrgangs. Sorphreinsimönnum ber aðeins skylda til að losa viðurkennd sorpílát.

Óheimilt er að láta garðaúrgang, jarðvegsefni, brotajárn og annan grófan úrgang í sorpílát og gáma. Jarðvegsefni, þ.m.t. grjót, múrbrot o.þ.h. skal setja á viðurkennda losunarstaði.

Spilliefnum, lyfjum og öðrum hættulegum úrgangi skal skilað á viðurkennda móttökustaði.

Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætt er á að skaði þá sem meðhöndla úrgang eða sorpílát, skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt.

Gæta skal þess að fylla ekki sorpílatin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim. Húsráðanda er heimilt að skila umframsorpi á viðurkennda móttökustaði á vegum sveitarfélagsins.

6. gr.

Hirða heimilissorps skal fara fram reglulega eftir fyrir fram gerðri áætlun, staðfestri af bæjarstjórn.

Allan úrgang sem að mati húsráðenda þarf að losa örar en gert er ráð fyrir samkvæmt áætlun þar um, skal húsráðandi sjálfur og á eigin kostnað losa í flokkunarstöð eða í viðeigandi gáma á fyrirfram ákveðnum stöðum.

7. gr.

Fyrirtæki og stofnanir skulu sjálf sjá um sorphirðu framleiðsluúrgangs. Frágangur og umgengni um sorphlát, svo og flutningur á úrgangi frá fyrirtækjum skal vera í samræmi við fyrirmæli heilbrigðisnefndar. Staðsetning sorpgáma vegna framleiðsluúrgangs skal vera í samræmi við ákvarðanir bæjarstjórnar þar um, eða ákvæði deiliskipulags.

II. Gjaldtaka vegna meðhöndlunar úrgangs

8. gr.

Bæjarstjórn skal innheimta gjald fyrir förgun úrgangs í samræmi við ákvæði 1 mgr. 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá er sveitarstjórn heimilt að innheimta sorphirðugjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi í samræmi við 2. mgr. 11. gr. laganna. Gjaldið skal sett og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar.

Heimilt er að leggja gjöld þessi á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur þjónustunnar. Gjöld skal miða við fjölda sorphirðufláta, hvort sem um er að ræða flokkaðan eða óflokkaðan úrgang og tíðni söfnunar. Heimilt er að innheimta sorphirðugjöld á fyrirtækjum og stofnunum samkvæmt magni úrgangs, þ.e. samkomulagi við viðkomandi. Ávallt skal taka tillit til flokkunar og minnkunarþátta, sem af flokkun leiðir. Gjöld mega aldrei vera hærri en nemur þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi, svo og við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum.

Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskránni skal vísa til þessarar samþykktar.

Bæjarstjórn er heimilt að haga gjaldskrá fyrir sorpgjöld með þeim hætti að það hvetji til að draga úr sorpmagni sem fer til urðunar.

III. Ýmis ákvæði

9. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu, skal hann koma henni á framfæri við umhverfisfulltrúa Fljótsdalshéraðs. Telji viðkomandi sig ekki fá fullnægjandi úrlausn, getur hann skotið málinu til heilbrigðisnefndar.

10. gr.

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, garðaúrgang og annan úrgang á víðavangi, á götum, gangstígum eða opnum svæðum í sveitarfélaginu. Tæki og hluti sem ekki eru í almennri eða stöðugri notkun skal geyma þannig að nágrannar og vegfarendur hafi ekki ama af. Birfreidar og önnur skráningarskyld ökutæki skulu geymd á þar til gerðum stæðum. Óheimilt er að geyma skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja, kerrur, tæki, vinnuvélar, báta eða aðra hluti á almennum bifreiðastæðum, á götum eða á almannafæri. Heimilt er að hafa á lögbylum afmörkuð geymslusvæði fyrir framangreinda hluti og skal leitast við að hafa sjónræn áhrif þeirra í algjöru lágmarki. Öðrum aðilum er heimilt að sækja um geymslusvæði og verða slík erindi afgreidd af skipulags- og byggingarnefnd, að fenginni umsögn umhverfis- og náttúrverndarnefndar.

11. gr.

Brjótí húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar skal umhverfisfulltrúi Fljótshéraðs aðvara viðkomandi skriflega og óska úrbóta af hans hálfu.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, m.s.br.

12. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Fljótshéraðs staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, sbr. 4. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og öðlast gildi þegar við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 461/2002 um meðhöndlun úrgangs á Austur-Héraði

Samþykkt í bæjarstjórn Fljótshéraðs 16. febrúar 2005

Umhverfisráðuneytið
